

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 17. ágúst 2017 - R17080004

[illegible]

BORGARRÁÐ 10.8.2017 - Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leigusamning vegna perlunnar - R17080024

Perlan var byggð fyrir almannafé, upphaflega fyrir borgarbúa til að njóta og þess mikla útsýnis sem er frá húsinu. Allt frá því að húsið var byggt hefur aðgengi almennings að húsinu verið tryggt og hefur það notið mikilla vinsælda bæði hjá borgarbúum og gestum borgarinnar. Nú stendur hins vegar til að breyting verði á með gjaldtöku á útsýnispallinn sem mun skerða aðgengi almennings að húsinu. Eðlilegra hefði verið að borgin hefði tryggt að almenningur hefði áfram aðgengi að almenningsrýmum hússins eins og t.d. að útsýnispallinum. Perlan stendur við eitt stærsta útivistarsvæði borgarinnar og hefur verið í hugum borgarbúa sameign þeirra sem þeir vilja geta notið án skerðingar á aðgengi. Óskað er ítarlegra upplýsinga um gerð þess leigusamnings sem gerður var við Perlu Norðursins um afnot af húsnæði Perlunnar. Þá er óskað svara við því hvort í upphaflegum hugmyndum hafi staðið til að gjaldtaka væri fyrirhuguð á útsýnispalli og hvernig aðgengi almennings að húsinu yrði háttað. Jafnframt er óskað upplýsinga um hvort leiguverðið endurspegli tekjur af aðgangi á útsýnispallinn og hvort fermetrar svalanna séu teknar með í fermetrum í leigusamningi.

From: Sverrir Guðjónsson [mailto:artcentrum@centrum.is]

Sent: 8. ágúst 2017 13:51

To: sbg@lrh.is; Borgarstjórinn í Reykjavík <borgarstjori@reykjavik.is>; Umboðsmaður borgarbúa <umbodsmadur@reykjavik.is>; Heilbrigðiseftirlit <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>

Subject: EITTHVAÐ ER ROTIÐ Í R E Y K J A V Í K?

EITTHVAÐ ER ROTIÐ Í R E Y K J A V Í K?

Opið skeyti til Borgarstjórnar Reykjavíkur, Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, Sýslumannsembættis Reykjavíkurborgar og Umboðsmanns borgarbúa.

Nú er svo komið að við undirrituð, íbúar í Íbúasamtökum Grjótaþorps getum ekki orða bundist.

Veitinga-og skemmtistaðir miðborgarinnar keppast um athygli og barsölu og eru flestir komnir með hátalarabox utan á vegg húsanna, til þess að fanga athygli gesta og gangandi án nokkurs tillits til þeirra nærumhverfis. Sumir þessara skemmtistaða tíðka það einnig að setja stór hátalarabox við útidyrnar, til viðbótar við hátalara utandyr og streyma þannig tónlist út á götur og torg. Hér er um að ræða: American Bar; The Drunk Rabbit; Austur; Burro disco-bar og fleiri!

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar er ekki leyfilegt að streyma tónlist út á götur borgarinnar, hvað þá að halda vöku fyrir íbúum miðborgar og hótलगestum, sem síðan rita um sínar svefnlausu nætur. Undirrituð hafa rætt við eigendur viðkomandi skemmtistaða, sem í raun breyta miðborginni í eitt alsherjar party-svæði þar sem óleyfilegir “útítónleikar” halda vöku fyrir íbúum langt fram á nætur, ekki aðeins um helgar, heldur alla daga vikunnar. Einnig hafa undirrituð haft samband við lögreglu sem virðist gjörsamlega lömuð í tengslum við þennan óskunda og telja þetta vonlausu baráttu, þar sem tónlistin er skrúfuð í botn um leið og lögreglan snýr við ‘þeim’ baki. Um nýafstaðna Verslunarmannahelgi kastaði þó tólfunum, þegar hávaðinn og hamangurinn náði hámarki svo allt lék á reiðiskjálfi eftirlits-og stjórnlaust fram til dögunar, í boði Innipúkans og Reykjavíkurborgar, eða “Free Outdoor Party”, eins og það var kynnt í ‘The Reykjavik Grapevine’.

Eins og fram kemur þá hafa undirrituð gert tilraun til þess að ræða við eigendur nokkra þessara staða, en ekki átt erindi sem erfiði. Við förum því fram á það að eigendur viðkomandi veitinga-og skemmtistaða taki niður hátalarabox sem eru staðsett utandyr og sjái jafnframt til þess að hátölurum sé ekki stillt upp við útidyr. Einnig verði viðkomandi gerð grein fyrir þeirra ábyrgð í tengslum við hávaðamengun og truflun sem þeir valda á friðhelgi einkalífs, sem er tíunduð í 4.grein Lögreglusamþykktar frá 19.nóvember 2008:

Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturro manna. Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflytningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri ef ástæða er til að ætla að hún valdi verulegu ónæði eða truflun. Borgarstjórn getur bannað neyslu áfengis á almannafæri á tilteknum tíma á tilteknum svæðum í þéttbýli. Slíka samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

Undirrituð hafa búið síðastliðin tuttugu ár í miðborg Reykjavíkur, og það má halda því fram að hinn ‘náttúrulegi’ borgarniður sé sú ‘tónlist’ stórborga sem við sækjumst eftir. Þetta samhengi hlutanna sprýngur gjörsamlega í loft upp, þegar nokkrum krám í borginni líðst að halda heilu hverfi miðborgar í gíslingu með yfirgengilegum hávaða og tillitsleysi, sem

óneitanlega er farið að minna ástandið í kringum hið lággjaflega 'súlustaðatímabil' Reykjavíkur. Að okkar mati þurfa stjórnendur Reykjavíkurborgar að gera það upp við sig hvort ástæða sé til þess að styðja við þá íbúabyggð sem enn þrífst í miðborginni, og þá hvernig það sé best framkvæmt og því síðan fylgt eftir með viðeigandi ráðstöfunum og viðurlögum.

Við undirrituð förum hér með fram á fund við fyrsta tækifæri ásamt ráðamönnum Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst.

Sverrir Guðjónsson
Elín Edda Árnadóttir
Grjótagötu 6
Grjótaþorpi
101 Reykjavík



Borgarráð

Ráðhúsi Reykjavíkur

Málsnr.: R17010082
Skjalasafn Ráðhúss
14. ágú. 2017
Bréfalykill: 5252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar

Um er að ræða lögstjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í júní 2017


Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð án vsk	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Microsoft Campus og OVS ES hugbúnaðarleyfi	Crayon Iceland ehf.	45.905.011	Pöntun	EES útboð	Innkauparáð
Fartölvur	Opin kerfi ehf	6.222.160	Pöntun	Örútbóð	Upplýsingatæknideild
Fartölvur og skjáir	Opin kerfi ehf., Tölvulistinn ehf	24.433.720, 1.408.300	Pöntun	Örútbóð	Upplýsingatæknideild
Spjaldtölvur með Apple IOS stýrikerfi	Skakkiturn ehf	14.104.050	Pöntun	Örútbóð	Upplýsingatæknideild
Skjávarpar fyrir Höfðatorg	Nýherji hf	3.300.571	Pöntun	Örútbóð	Upplýsingatæknideild

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar í júní 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Áætluð velta á ársgrundvelli	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Sorphirða og meðhöndlun úrgangs hjá Reykjavíkurborg	Íslenska gámafélgið ehf	70,0 m.kr.	Ramma-samningur / samn. lok 29.6.19	EES útboð	Innkauparáð
Raftæki	Bakó Ísberg ehf., Elko ehf., Exton ehf., Fastus ehf., Geiri ehf., Heimilistæki ehf., Húsasmiðjan ehf., Nýherji hf., Ormsson ehf., Rafha ehf., Rafvörur ehf., Smith & Norland ehf	50 m.kr.	Rammasamn. / samn.lok 6.6.2018	Framlenging - Útbóð	Innkauparáð
Gagnatengingar	Fjarskipti hf, Gagnaveita Reykjavíkur, Opin kerfi ehf., Símafélagið, Síminn hf.	Óþekkt	Ramma-samningur / samn. lok 10.7.2021	EES útboð	Innkauparáð

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. borgarstjóra og borgarritara mannauðsskrifstofu í júní 2017

Teg. verks / vöru / þjónusta	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð vegið meðalverð	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Trúnaðarlæknis-þjónusta	Vinnuvernd ehf	23.778 kr. per klst.	Samningur / samn.lok 30.8.2019	EES samninga- viðræður	Innkauparáð


 Guðbjörg Eggertsdóttir
 innkaupadeild Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa
innkaupadeild

Reykjavík, 1. ágúst 2017
R17010075

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Málsnr.: R17010082
Skjalasafn Ráðhúss
14. ágú. 2017
Bréfalykill: 5252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lægstbjóðendur nema annað sé tekið fram.



Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í júlí 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Chromebook	Nýherji hf	3.531.082	Pöntun	Örútbóð	Upplýsinga-tæknideild
Cisco Spark hugbúnaðarleyfi	Sensa ehf	1.936.613	Pöntun	Verðfyrirspurn	Upplýsinga-tæknideild
Cisco CDP hugbúnaðarleyfi	Advania hf	2.379.609	Pöntun	Verðfyrirspurn	Upplýsinga-tæknideild

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar í júlí 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Liðléttingur (fjölnotatæki) fyrir Grasagarðinn	Klettur sala og þjónusta ehf	3.083.000	Pöntun	Verðfyrirspurn	skrifstofa eigna- og atvinnu-þróunar

Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar



Afbrotatölfræði

júlí 2017



Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.



Hér að neðan er fjöldi afbrota í júlí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í júlí eru miðað þessi mörk.

	Júní 2017	Júlí 2017	Staða breytinga m.v. 6 mån.	Staða breytinga m.v. 12 mån.
Hegningarlagabrot	655	664	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	312	297	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	59	52	Fækkar	Fækkar
Manndráp og líkamsmeiðingar	85	99	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	4	2	Fækkar	Fækkar
Kynferðisbrot	22	20	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	4	2	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	108	106	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	14	26	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	167	123	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	1.004	1.188	Fjölgar	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	131	159	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	91	91	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	16	17	Innan marka	Innan marka



Hegningarlagabrot

- Skráðar voru 664 tilkynningar um hegningarlagabrot í júlímánuði. Er það svipaður fjöldi tilkynninga og í júnímánuði.
- Skráðum hegningarlagabrotum fækkaði í júlí miðað við útreiknuð neðir mörk fyrir síðustu sex mánuði, en reiknast innan marka miðað við síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári eru tilkynningar um hegningarlagabrot jafn margar og meðalfjöldi síðustu þriggja ára á undan.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Hegningarlagabrot	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	664	705	646	763	-49	-7%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	664	713	657	763	-41	-6%	Innan marka




- Skráð voru 297 tilkynningar um þjófnað í júlí.
- Fjöldi tilkynnta þjófnaða í júlí voru innan útreiknaðra marka fyrir fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fækkaði tilkynningum um innbrot og þjófnaði á farsímum. Tilkynningum um hnúpl fjölgaði lítillega á milli mánaða.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um þjófnaði fækkað um sjö prósent samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.





	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl
Þjófnaður - innbrot	64	48	66	60	95	70	92	49	70	88	65	59	52
Þjófnaður - hnúpl	55	60	83	97	85	79	96	85	93	77	86	60	62
Þjófnaður - gsm	43	43	35	40	48	47	38	35	45	27	41	49	38
Þjófnaður - reiðhjól	66	57	68	48	18	13	7	12	15	31	48	44	44
Þjófnaður - annað	102	89	107	92	88	78	101	85	104	88	81	100	101
Þjófnaður alls	330	297	359	337	334	287	334	266	327	311	321	312	297

Þjófnaður	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	297	312	290	334	-15	-5%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	297	318	294	342	-21	-7%	Innan marka



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



- Í júlí bárust 52 tilkynningar um innbrot til lögreglu. Tilkynntum brotum fækkaði á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynnta innbrota fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um innbrot fækkað um 11 prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Innbrot	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	52	71	55	86	-19	-26%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	52	69	54	84	-17	-24%	Fækkar

- Í júlí bárust 99 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráð ofbeldisbrot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa 16 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot borist lögreglu samanborið við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Ofbeldisbrot	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	99	100	87	114	-1	-1%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	99	101	90	112	-2	-2%	Innan marka


Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í júlí voru skráð tvö tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð jafn mörg tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi og að meðaltali síðustu þrjú ára á undan.

Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í júlí voru skráð þrjú tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 28 prósent fleiri tilvik en að meðaltali síðustu þrjú ára áður.



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu





Kynferðisbrot—dags. brots



- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 20 tilkynningar um kynferðisbrot sem áttu sér stað í júlí.
- Fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot í júlí voru innan útreiknaðra marka miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Tilkynningar um kynferðisbrot voru um fjögur prósent færri samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabil árin 2014 til 2016.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	20	17	12	22	3	17%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	20	19	12	25	1	8%	Innan marka





Kynferðisbrot—dags. tilkynnt



- Tilkynnt var um 29 kynferðisbrot í júlí.
- Fjöldi tilkynnta kynferðisbrota í júlí voru innan marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynntum kynferðisbrotum hefur fjölgað um tíu prósent miðað við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.



Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	29	26	18	33	3	13%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	29	24	15	33	5	19%	Innan marka

- Alls bárust 55 tilkynningar um heimilisofbeldi í júlí.
- Fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi í júlí voru innan útreiknaðra marka miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Tilkynningum um heimilisofbeldisbrot hefur fjölgað um 31 prósent það sem af er ári miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Heimilisofbeldi	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	55	55	41	68	1	1%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	55	56	46	66	-1	-1%	Innan marka

Leit að týndum ungmennum

- Alls bárust 23 beiðnir um leit að týndum börnum og ungmennum í júlí.
- Fjöldi beiðna í júlí eru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex mánuði og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist 63 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali síðustu tvö ár á undan.




Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Leitarbeiðnir	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	23	25	18	31	-2	-6%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	23	22	16	28	1	4%	Innan marka

Eignaspjöll

- Í júlí voru skráðar 108 tilkynningar um eignaspjöll.
- Fjöldi tilkynninga í júlí eru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist níu prósent fleiri tilkynningar um eignaspjöll samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.
- Á milli mánaða fækkaði tilkynningum um allar tegundir eignaspjalla, nema rúðubrot sem fjölgaði um tvö brot.



Rúðubrot	38	25	33	34	41	38	37	42	43	55	56	38	40
Veggjakrot	5	5	10	4	2	6	1	5	2	0	6	8	6
Önnur minniháttar eignaspjöll	61	60	59	84	49	53	77	55	53	73	78	62	60
Meiriháttar eignaspjöll	2	1	3	1	4	1	9	3	1	0	3	4	2
Eignaspjöll alls	106	91	105	123	96	98	124	105	99	128	143	112	108




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Eignaspjöll	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	108	119	104	133	-11	-9%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	108	111	96	126	-3	-3%	Innan marka

Nytjastuldur ökutækja

- Skráðar voru 26 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í júlí.
- Fjöldi tilkynninga um nytjastuldi í júlí er innan reiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 17 prósent færri tilkynningar um nytjastuldi miðað við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.



Nytjastuldir	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	26	23	16	29	3	15%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	26	24	18	30	2	9%	Innan marka





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Fíkniefnabrot

- Í júlí voru skráð 130 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu. Skráðum brotum fækkaði nokkuð á milli mánaða.
- Skráð fíkniefnabrot eru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Skráð voru sjö stórfelld fíkniefnabrot í júlí.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð álíka jafn mörg fíkniefnabrot og að meðaltali fyrir sama tímabil síðustu þrjú ár á undan.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Fíkniefni	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	123	135	109	161	-12	-9%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	123	124	100	147	-1	0%	Innan marka




Umferðarlagabrot

- Skráð voru 1.188 umferðarlagabrot* í júlí. Skráðum umferðarlagabrotum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráðum umferðarlagabrotum fjölgaði miðað við reiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um eitt prósent fleiri umferðarlagabrot samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.




Umferðarlagabrot	Júlí 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	1.188	944	767	1.120	245	26%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	1.188	886	713	1.058	302	34%	Fjölgar



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.







Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráð voru 159 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í júlí.
- Skráðum brotum fjölgaði mikið miðað við útreiknuð eftir mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 54 prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

Ölvun við akstur


- Í júlí var skráð 91 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur.
- Skráð brot í júlí voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 34 prósent samanborið meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Þróun á löggæslusvæði 1



- Hér er fjöldi afbrota í júlí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Júní 2017	Júlí 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	310	327	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	171	160	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	26	27	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	42	49	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	2	1	Fækkar	Innan marka
Kynferðisbrot	11	12	Fjölgar	Fjölgar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	40	39	Fækkar	Fækkar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	5	7	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	100	59	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	386	465	Fjölgar	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	53	63	Fjölgar	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	49	32	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	5	10	Innan marka	Innan marka
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka


Þróun á löggæslusvæði 2



- Hér er fjöldi afbrota í júlí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Júní 2017	Júlí 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	93	84	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	27	32	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	3	12	Fjölgar	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	14	14	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	1	Innan marka	Fjölgar
Kynferðisbrot	5	2	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	1	Mikil fjölgun	Fjölgar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	17	16	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	3	5	Fjölgar	Fjölgar
Fíkniefni	25	10	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot	163	200	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	17	20	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	14	21	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Innbrot á heimili	0	2	Innan marka	Innan marka
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka


Þróun á löggæslusvæði 3



- Hér er fjöldi afbrota í júlí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Júní 2017	Júlí 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	138	144	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	66	67	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	16	9	Fækkar	Fækkar
Manndráp og líkamsmeiðingar	17	20	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	2	0	Fækkar	Fækkar
Kynferðisbrot	3	4	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	0	Fækkar	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	25	23	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	2	6	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	18	35	Fjölgar	Fjölgar
Umferðarlagabrot	195	218	Fjölgar	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	33	47	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	14	28	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Innbrot á heimili	4	4	Fækkar	Innan marka
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka

Þróun á löggæslusvæði 4



- Hér er fjöldi afbrota í júlí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Júní 2017	Júlí 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	93	90	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	37	27	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	14	4	Fækkar	Fækkar
Manndráp og líkamsmeiðingar	12	16	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	0	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	3	0	Fækkar	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	2	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	25	27	Fjölgar	Fjölgar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	4	8	Fjölgar	Fjölgar
Fíkniefni	23	19	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot	256	302	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	28	29	Mikil fjölgun	Fjölgar
Ölvun við akstur	14	10	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	7	1	Mikil fækkun	Fækkar
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka

Reykjavíkurborg / borgarstjórn.

Reykjavíkurborg –

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

Með vísan til þess að nýtt deiliskipulag á leigulóðinni Árskógar 2 – 10 er komið fram og fyrirhugaðra breytinga á lóðarleigusamningi fyrir Árskóga 2-10, 109 Reykjavík hvað varðar aukningu á byggingum á lóðinni þá er öllum slíkum breytingum hafnað. Öllum fyrirhuguðum breytingum er varða stækkun og breytingu á félagsmiðstöðinni með breytingu á aðgengi og röskun á útivistarsvæði íbúa húsanna Árskóga 6 – 8 er mótmælt.

Engar framkvæmdir er valda röskun á gerðum leigulóðarsamningi fyrir eignirnar verða samþykktar.

Sjá áður send erindi og afrit af meðfylgjandi bréfi er varða umræddar eignir og lóðarleigusamning frá undirrituðum.

Reykjavík 15. ágúst 2017

Kristján S. Guðmundsson

kt. 220934-2769

Árskógum 6

109 Reykjavík.

Reykjavíkurborg / borgarstjórn.

Reykjavíkurborg –

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

Með vísan til svarbréfs frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dagsett 21. ágúst en barst móttakanda 9. september 2015.

Þar sem þau svör er bærast í umræddu bréfi, auk svara í svarbréfi frá 5. júlí 2015, vekur það undrun að sumum spurningum er ekki svarað nema með útúrsnúningum.

Því er hér með lýst yfir að af hálfu undirritaðs, með vísan til svars í bréfi dags. 21. ágúst 2015, að undirritaður samþykkir ekki fyrirhugaðar framkvæmdir hvað varðar aukningu

byggingarmagns á lóðinni Árskógum 2 til 10 með vísan til þinglýsingar lóðarleigusamnings frá 1992 og 1998. Lóðarleigusamningur sem er sameiginlegur og óskiptanlegur án samþykkis allra lóðarleiguhafa (ekki lóðareigenda eins og stendur í svarbréfi frá Reykjavíkurborg dags. 21. ágúst).

Lóðarleigusamningur gerður af hálfu Reykjavíkurborgar við leiguréttindahafa veitir ekki stjórnendum borgarinnar rétt til ráðstöfunar hvað varðar framkvæmdir á lóðinni umfram það sem fram kemur í þinglýstum samningi. Tilvitnun svaranda erindis undirritaðs f.h. borgarinnar um rétt aðila (stjórnenda borgarinnar) til breytingar á deiliskipulagi og þar með rétt stjórnenda borgarinnar til að skerða nýtingargildi leiguréttindahafa til afnota af lóðinni er brot á þinglýstum samningi.

Þinglýstur samningur varðandi Árskóga 10 frá 2005 með afmörkun á tiltekinn stærð lóðar er brot á áður gerðum samningi frá 1992 varðandi lóðina Árskóga 2 til 10.

Ef samningar sem gerðir eru við Reykjavíkurborg (stjórnendur á hverjum tíma) eru einskis virði vegna yfirgangs sem kallað er breyting á deiliskipulagi með kröfu borgarinnar um aukna nýtingu lóðar hvað varðar stækkun bygginga án grundvallarkurteisi að leita eftir samkomulagi við lóðarleiguhafa áður en fyrirhugaðar hugmyndir eru gerðar opinberar er lítilsvirðing við þá sem samningur hefur verið gerður við eða réttihafa gerðs samnings (lóðarleigusamnings).

Í fyrirspurn undirritaðs til stjórnenda borgarinnar var málinu vísað til ákveðinnar deildar innan borgarkerfisins en vegna óskiljanlegra vinnubragða kemur fram í svari að ákveðin atriði heyri undir aðra deild borgarkerfisins og er því ekki svarað af viðkomandi. Það er ekki á valdi hins almenna borgara að fylgjast með starfsskiptum borgarstarfsmanna en erindi sem sent er og þarfnast svara á skilyrðislaust að svar að fullu en ekki vísa til þessa eða hins hluta borgarkerfisins um svör við spurningum.

Því er hér með spurt hvort af hálfu borgaryfirvalda sé stefnt að því að fyrirspurnum borgaranna um starfsemi og fyrirhugaðar framkvæmdir af hálfu borgarinnar sé svarað með lítt skiljanlegum tilvitnunum sem ekkert varða málefnið í þeim tilgangi að rýra möguleika fólks á að fylgjast með rétti sínum í samskiptum við borgaryfirvöld?

Það hefur verið talin kurteisi að svara fólki af hreinskilni og sannleika en ekki stofnanaþras-málísku og skiptir þá ekki máli þótt spurningar séu óþægilegar fyrir aðila vegna mistak sem orðið hafa.

Unnið er að frekari yfirferð á svörum er borist hafa um síðir, eða hálfum mánuði eftir dagsetningu bréfs, og gera má ráð fyrir frekari fyrirspurnum síðar.

Reykjavík 11. september 2015.

Kristján S. Guðmundsson

Árskógum 6 12-2

109 Reykjavík

**FS: Málþing 24. ágúst: Framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi****Almennt: t-póstur**

Málsnúmer: R17010047

Bréfalyklar: 13056 Ráðstefnur og fundir

Eigandi skjals: Bryndís Guðmundsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar :

Búið til: 16.08.2017 00:00:00

Dagsetning skjals: 16.08.2017

Upplýsingar um viðskiptavin :

Samband íslenskra sveitarfélaga (550269-4739)

Svandís Ingimundardóttir, þróunar- og skólafulltrúi

Pósthólf 8100

128 REYKJAVÍK

Sími: 515 4900

Fax: 515 4903

Skjalalykill	13056 Ráðstefnur og fundir	Málsnúmer	R17010047
Móttökudags.	16.08.2017	Skráð í GoPro	16.08.2017

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)		Fyrirtæki/stofnun	Samband íslenskra sveitarfélaga
Starfsmaður		Nafn	Svandís Ingimundardóttir, þróunar- og skólafulltrúi
		Kennitala:	550269-4739
Tegund skjals	t-póstur	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			

Sent:**Sent til:**

Frá: Upplýsingar - Pósthólf Símaver

Dags: 16.8.2017 10:10:56

Til: Ráðhús skjalasafn

Efni: FS: Málþing 24. ágúst: Framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi

Bestu kveðjur

Ingibjörg R. Frostadóttir

Þjónustufulltrúi

Skrifstofa þjónustu og reksturs

Höfðatorg - Borgartúni 12-14

Sími: 4 11 11 11

From: Svandís Ingimundardóttir [mailto:svandis.ingimundardottir@samband.is]

Sent: 16. ágúst 2017 09:48

Subject: Málþing 24. ágúst: Framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi

Minnt er á: Málþing um framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi 24. ágúst nk.
Dagskrá þingsins er komin á vef.

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/frettir-skolamal/nr/3085>


Bestu kveðjur,
Samband íslenskra sveitarfélaga



- OutlookMessageContent.msg



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa



R17070114
2. ágúst 2017

Umsögn

Efni: Drög að reglugerðum um fjármál sveitarfélaga til umsagnar
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Þann 1. ágúst sl. óskaði skrifstofa borgarstjórnar eftir umsögn fjármálaskrifstofu um drög breytingum á reglugerðum er varða fjármál sveitarfélaga: Annars vegar um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og hins vegar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Á fundi borgarráðs þann 15. júní 2017 var lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. maí 2017, varðandi tillögur að reglugerðarbreytingum vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, ásamt umsögn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, dags. 13. júní 2017. Borgarráð samþykkti umsögn fjármálastjóra.

Þau drög sem nú eru til umsagnar hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu eru efnislega samhljóma fyrrnefndum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga til ráðherra sveitarstjórnarmála.

Með vísan til þess að engar efnislegar breytingar hafa orðið á tillögunum í meðferð ráðuneytisins er vísað til fyrri umsagnar um málið.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri



Umsögn

Efni: Tillögur að reglugerðarbreytingum vegna breytinga á lögum Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Fyrir liggur tillaga Sambands íslenskra sveitarfélaga til ráðherra sveitarstjórnarmála dags. 24.maí sl. um breytingar á reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga vegna þeirra breytinga á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs sem leiða af lögum nr. 127/2016 til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Tilgangurinn er að milda áhrif á umræddra breytinga á rekstur og efnahag sveitarfélaga og viðmið vegna eftirlitsákvæða sveitarstjórnarlaga.

Óskað hefur verið eftir umsögn Fjármálaskrifstofu um þessar tillögur.

Breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs leiða til að Reykjavíkurborg er skylt að gera upp áfallnar skuldbindingar við A-deild Brúar m.v. 31.5.2017. Þessi greiðsla var áætluð 9.800 mkr m.v. 31. desember 2016. Jafnframt er borgarsjóði skylt að gera upp áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna framlags í lífeyrisaukasjóð sem á að fjármagna mismun réttinda í nýju og eldra kerfi gagnvart þeim sem eru 60 ára og eldri og hafa hafið töku lífeyris eða eru virkir sjóðfélagar. Þessi greiðsla er áætluð 3.600 mkr m.v. 31. desember 2016. Ennfremur að greiða sérstakt framlag í Varúðarsjóð til tryggingar fullnustu áðurnefndra skuldbindinga sem áætluð er 1.000 mkr m.v. 31. des 2016. Reykjavíkurborg hefur eins og aðrir launagreiðendur val um að greiða framlög sín með reiðufé eða verðtryggðum skuldabréfum með 3,5% vöxtum. Í tengslum við þessar breytingar lækkar móttframlag borgarsjóðs úr 12% í 11,5% frá og með 1. júní sl.

Komi ekki til neinna breytinga á leikreglum liggur beinast við að álykta að gjaldfæra beri öll ofangreind framlög og greiðslur í formi skuldabréfa verði skuld í efnahag. Áhrifin að öllu óbreyttu eru þau á rekstrarniðurstöðu þar sem uppgjorsárið 2017 kemur fyrir að jafnvægisregla 64.gr. laga nr. 138/2011 myndi teljast brotin. Áhrifin á skuldareglu sem kveður á um að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta sveitarfélags séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum yrðu sömuleiðis neikvæð og mikil.

Í fyrsta lagi er lagt til að við reglugerð nr. 1212/2015 bætist bráðabirgðaákvæði sem heimilar sveitarfélögum að færa til eignar sem fyrirframgreiðslur framlög við uppgjör A deildar Brúar lífeyrissjóðs á árinu 2017 vegna reiknaðs framtíðarhalla A deildar sjóðsins. Um er að ræða framlög í Lífeyrisaukasjóð og framlög í Varúðarsjóð. Fyrirframgreiðslur í Lífeyrisaukasjóð vegna áætlaðs framtíðarhalla skuli síðan gjaldfæra með jöfnum fjárhæðum á 30 árum. Færa skal til gjalda fyrirframgreiðslur vegna Varúðarsjóðs með jöfnum fjárhæðum á 20 árum. Tillagan felur jafnframt í sér að dreifa áhrifum þess að gjaldfæra skuli á árinu 2017 þann hluta framlags sveitarfélaga til



Brúar lífeyrissjóðs sem ætlaður er til að gera upp áfallna skuldbindingu sjóðsins í tengslum við uppgjör A deildar sjóðsins á árinu 2017. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins skulu eðli máls samkvæmt flokkast sem launakostnaður og færast á sömu rekstrareiningu og breyting lífeyrisskuldbindingar í reikningsskilum sveitarfélaga. Greiðslur í formi skuldabréfa til Brúar lífeyrissjóðs í tengslum við framlög við framangreint uppgjör skal færa til skuldar í efnahag eins og aðra lántöku.

Áhrifin af þessari tillögu fela í sér að heimilt verður að dreifa áhrifum af uppgjörum á framtíðarskuldbindingum yfir allt að 30 ára tímabil.

Í öðru lagi er lögð er til sú breyting á 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. nr. 502/2012, um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og við bætist nýr töluliður, þar sem segir efnislega að draga skuli frá heildarskuldum eftirstöðvar fyrirframgreiðslna vegna Varúðarsjóðs og Lífeyrisauka-sjóðs vegna framlaga sveitarfélags í tengslum við uppgjör A deildar Brúar lífeyrissjóð.

Áhrifin af þessari tillögu fela í sér að eftirstöðvar fyrirframgreiðslna vegna Lífeyrisaukasjóðs og Varúðarsjóðs koma yfir 30 ára tímabil til frádráttar skuldum við mat á skuldaviðmiðum.

Allar ofangreindar breytingar eru jákvæðar og Fjármálaskrifstofa leggur áherslu á mikilvægi þess að þær fái brautargengi í endurskoðun reglugerða.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri